

**Nd.**

### **322. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrar-  
bæ lán til aukningar Laxárvirkjuninni og raforkuveitu Akureyrar.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur tekið til athugunar frumvarp þetta og aflað þeirra upplýsinga, er hún taldi þörf á til að meta nauðsyn og öryggi þeirrar ábyrgðarheimildar, sem farið er fram á að veita með frumvarpi þessu. Auk upplýsinga þeirra, sem greinargerð frumvarpsins veitir, óskaði nefndin upplýsinga um þau atriði, sem eftirfarandi bréf frá hv. flutningsmanni inniheldur:

„Þ. 29. f. m. bárust mér í hendur eftirfarandi fyrirspurnir frá háttv. fjárhagsnefnd Nd. viðvíkjandi Laxárvirkjuninni:

1. Hver var stofnkostnaður Laxárvirkjunar?
2. Hvað skuldar Laxárvirkjunin nú og hvað mikið af því á ábyrgð ríkisins?
3. Hvernig eru samningar um greiðslu á skuldunum?
4. Hverjir njóta rafmagns frá Laxárvirkjun og hverjir eiga að njóta viðbótarinnar? Svör við framantöldum spurningum eru sem hér segir:

- Ad 1. Stofnkostnaður tæp 2½ millj. krónur (2479578).
- 2. Nálega allur stofnkostnaður, að frádregnum samningsbundnum afborgunum. Ríkissjóður hefur ábyrgzt danska lánið, 1700000 kr., að auki eru 300 þús. kr. ísl. lán.
- 3. Danska lánið er 5% lán með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta í 22 ár. Ísl. lánið 6% með jöfnum afborgunum í 20 ár.
- 4. Auk bæjarbúa njóta nú Bretar rafmagns í nokkrum herstöðvum í og kringum bæinn, en auk þess Glerárþorp, Kristneshæli og nú Laugalandsskólinn. Til viðbótar kemur Svalbarðseyri; Húsavík hefur leitað um þátttöku fyrir kaup-túnið, Grenjaðarstaðatorfan sömuleiðis. Eyfirðingar ræða nú og mjög að fá rafmagn frá stöðinni. Enn fremur er vitað, að síldarbræðsluverksmiðjurnar á Dagverðareyri og Hjalteyri hafa til yfirvegunar möguleika á þátttöku í rafmagnsnotkun frá stöðinni.

Virðingarfyllst ¼ 1942.

Sig. E. Hlíðar.

Til fjárhagsnefndar Nd.“

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Þá hefur hv. þm. Ísaf. (FJ) borið fram með sérstakri brtt. á þskj. 148 ósk um sams konar ábyrgð fyrir Ísafjarðarkaupstað til aukningar rafvirkjunar fyrir kaupstaðinn. Hefur hann látið nefndinni í té eftirfarandi upplýsingar um það mál:

„Samkvæmt ósk yðar sendi ég yður hér með yfirlit yfir tekjur og gjöld rafveitu Ísafjarðar árið 1941 ásamt yfirliti yfir eignir og skuldir þessa fyrirtækis. Eins og yfirlit þetta ber með sér, hafa tekjur s. l. árs numið kr. 228000, en nettó tekjur umfram gjöld og afskriftir kr. 92323.59.

Upphaflegur stofnkostnaður veitunnar var kr. 1096000, en við það bættist gengis-tap kr. 90000.

Samkvæmt yfirlitinu skuldar rafveitan nú kr. 989000, — hér af mun vera með ríkisábyrgð kr. 818000, að mestöllu leyti, upphaflegur lánstími 20—25 ár.

Þeir, sem nú njóta rafveitunnar, eru íbúar Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps, og þar eð rafveitan er orðin þeim of lítil, verða það hinir sömu, er njóta væntanlegrar viðbótar.

Í rafstöðvarhúsinu er nú ein rafmagnsvél, ca. 800 hö., og er afl fengið með pípu-leiðslu úr svonefndu Fossavatni. Ætlazt er til að setja upp aðra vél sams konar í sama stöðvarhúsi og fá afl hennar með þrýstileiðslu úr svonefndu Nónvatni. Ekki þarf að gera neinar breytingar á stöðvarhúsinu sjálfu, né heldur á háspennuleiðslum vegna viðbótarinnar; er hún ráðgerð í samráði við rafmagnseftirlit ríkisins, en fullnaðar-áætlun hefur eigi verið unnt að gera, vegna þess að tilboð er enn eigi komið í vélarnar. Mun Steingrímur Jónsson rafveitustjóri hafa það í fórum sínum á leið frá Ame-riku og vera væntanlegur heim innan skamms.

Eins og þörfin er mikil fyrir aukningu og tekjur fyrirtækisins eru, virðist það geta staðið straum af fyrirhugaðri viðbót, þótt dýr verði.

Virðingarfyllst

Finnur Jónsson,  
þm. Ísafjarðarkaupstaðar.“

Getur nefndin einnig fallizt á, að réttmætt sé að veita heimild þessa.

Loks kom einnig fram í nefndinni ósk um sams konar ríkisábyrgð til handa rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu fyrir lántöku til virkjunar Tungufossi í Eystri-Rangá, fyrir Rangárvallasýslu. Hafa verið gerðar áætlanir um virkjun þessa,

og er mikill áhugi í héraðinu um að koma henni í framkvæmd. Fara hér á eftir bréf, sem nefndinni bárust um virkjun þessa, bæði frá vegamálastjóra og forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins, sem hafa inni að halda áætlunarupphæðir í aðaldráttum um virkjunarframkvæmd þessa.

**„Virkjun Tungufoss.**

Út af fyrirspurn yðar vil ég upplýsa sem hér greinir: Árið 1939 gerði Árni Pálsson verkfræðingur 2 kostnaðaráætlanir um virkjun Tungufoss. Var lokið við þær í september það ár.

Urðu niðurstöðutölur þessar:

1. Virkjun 300 hestafla ..... Kr. 150000.00
2. Virkjun 600 hestafla ..... — 225000.00

Meðtalið í þessum kostnaði er vatnsvirkjun öll, þ. e. stíflan, þrýstivatnspípa, orkuver, vatnsvél ásamt allri verkstjórn og vöxtum af stofnkostnaði vatnsvirkjunarinnar meðan á byggingu stendur.

Upplýsingar liggja ekki fyrir nema að nokkru leyti um verðhækkun á efni og vélum, en líklegt er talið, að kostnaður mundi með núverandi verðlagi verða nær þrefaldur við það, sem áætlað var 1939.

Rafmagnseftirlit ríkisins mun hafa gert áætlun um rafvélar og allan rafbúnað í orkuveri og háspennulínu.

Virðingarfyllst.

Geir G. Zoëga.“

**„Viðv. virkjun Tungufoss.**

Samkv. ósk yðar sendum vér yður hér með yfirlit yfir rafmagnshluta 300 og 600 ha. virkjana við Tungufoss.

Áætlunin er gerð árin 1939—40 og miðuð við fyrirstriðsverð.

Niðurstöðutölur áætlananna eru þessar:

1. 300 ha. virkjun (rafmagnshlutinn) ásamt raforkuveitum um Fljótshlíð og Hvolhrepp ..... kr. 303000
2. 600 ha. virkjun (rafmagnshlutinn) ásamt raforkuveitum um Fljóts-  
hlíð, Hvolhrepp, Landeyjar og Þykkvabæ ..... — 940000

Samkv. núverandi verðlagi teljum vér sennilegt, að stofnkostnaðurinn yrði:

Fyrir 1. .... 700000—800000 kr.

Fyrir 2. .... 2200000—2500000 kr.

Teikningar nr. 400303 og 400304, er sýna fyrirhugaðar línuleiðir, fylgja hér með.

Virðingarfyllst.

Jakob Gíslason.

Höskuldur Baldvinsson.“

Samkvæmt þessu mun stærri virkjunin kosta nú allt að 3175000 kr.

Telur nefndin rétt, að ríkið gangi í ábyrgð á sama hátt fyrir allt að 80% stofnkostnaðar þessarar rafveitu, eða alls um 2½ millj. króna.

Verður það að teljast réttmætt, að þessi fyrsta stóra rafveita, sem fyrirhuguð er í dreifbýli landsins, fái þegar vissu um sams konar aðstoð frá ríkinu, er til framkvæmda kemur, eins og aðrar stærri rafveitur hafa fengið hingað til. Verður það til að létta aðstöðuna við að koma þessu í framkvæmd.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2 millj. króna lán fyrir Akureyrarkaup-

stað, og allt að 1 millj. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til aukningar rafveitum þessara kaupstaða. Enn fremur allt að 2½ millj. króna lán fyrir rafveitufélagið Tungufoss í Rangárvallasýslu, til virkjunar Tungufossi í Eystri-Rangá og rafveitu um Rangárhérað. Ábyrgðir þessar skulu því skilyrði bundnar, að lánin séu tekin innanlands og að þær nái aldrei til hærri upphæða en sem nemur 80% af stofnkostnaði viðkomandi framkvæmda.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frv. til laga um heimild til ábyrgðar fyrir lánnum handa Akureyrarkaupstað, Ísafjarðarkaupstað og rafveitufélaginu Tungufossi í Rangárvallasýslu til rafveituframkvæmda.

Alþingi, 5. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason,  
form., frsm.

Jón Pálmason,  
fundaskr.

Skúli Guðmundsson.

H. Guðmundsson. St. Stefánsson.